

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 333/2022

2023/EES/48/44

frá 9. desember 2022

um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1724 frá 2. október 2018 um að koma á sameiginlegri stafrænni gátt til að veita aðgang að upplýsingum, málsmeðferðarreglum og aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 ⁽¹⁾.
- 2) X. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

X. viðauka við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 3. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012):
„– **32018 R 1724:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1724 frá 2. október 2018 (Stjtið. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 1).“
 2. Eftirfarandi aðlögunartexti bætist við á eftir aðlögunartexta b) í 3. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012):
„c) Í annarri mgr. 5. gr.:
 - i) í b-lið, koma orðin „EES-samningsins“ í stað orðanna „löggjafar Sambandsins“,
 - ii) í g-lið, er orðunum „Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnin“,
 - d) Í 4. mgr. 9. gr. er orðunum „Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „Framkvæmdastjórnin“.
3. Eftirfarandi er bætt við á eftir 4. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/302):
„5. **32018 R 1724:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1724 frá 2. október 2018 um að koma á sameiginlegri stafrænni gátt til að veita aðgang að upplýsingum, málsmeðferðarreglum og aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 (Stjtið. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 1):
Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:
 - a) Skilja ber vísanir til löggjafar Sambandsins sem vísanir til EES-samningsins.
 - b) Í 1. mgr. 1. gr. koma orðin „a- til d-liðar 2. mgr. 1. gr. EES-samningsins“ í stað orðanna „2. mgr. 26. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU)“.
 - c) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 3. mgr. 5. gr.:
„Að því er EFTA-ríkin varðar, skal framkvæmdastjórnin virkja tenglana, sbr. 1. mgr., að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA.“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 1.

- d) Í 4. mgr. 6. gr. er orðunum „, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnin“.
- e) Í 4. mgr. 7. gr. er eftirfarandi undirgrein bætt við:
- „Að því er EFTA-ríkin varðar, skal framkvæmdastjórnin virkja tenglana, sbr. 3. mgr., að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA.“
- f) Í 17. gr. er eftirfarandi málsgrein bætt við:
- „4. Að því er EFTA-ríkin varðar, skal framkvæmdastjórnin aftengja upplýsingarnar, málsmeðferðina, aðstoðina eða þjónustuna til lausnar á vandamálum tímabundið, sbr. d-lið 2. mgr. eða aftengja aðstoðina eða þjónustuna til lausnar á vandamálum, sbr. 3. mgr., að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA.“
- g) Í 3. mgr. og 4. mgr. 25. gr. er orðunum „, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir hugtakinu „framkvæmdastjórnin“.
- h) Í 29. gr. er orðunum „og fulltrúa Eftirlitsstofnunar EFTA“ bætt við á eftir orðinu „aðildarríki“.
- i) Í I. viðauka, að því er varðar EFTA-ríkin, koma orðin „viðeigandi löggjöf“ í stað orðanna „tollalögum Sambandsins“.

2. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2018/1724, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. desember 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Sameiginleg yfirlýsing samningsaðilanna

vegna ákvörðunar nr. 333/2022 sem felur í sér ákvæði um að fella reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) 2018/1724 inn í samninginn

„Ýmis svið sem vísað er til í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1724 og ýmsar málsmeðferðir sem vísað er til í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1724 falla utan við gildissvið EES-samningsins. Upptaka þessarar reglugerðar er með fyrirvara um gildissvið EES-samningsins.“